

Landbótasjóður Fljótsdalshrepps
Ársskýrsla stjórnar 2011

Skýrsla stjórnar

Stjórn Landbótasjóðs er í dag skipuð eftirfarandi stjórnarmönnum:

Lárus Heiðarsson Formaður, Droplaugarstöðum
Sigmar Ingvason Ritari, Valþjófsstað 1
Eiríkur Kjerúlf Gjaldkeri, Arnheiðarstöðum

Stjórn sjóðsins fundaði 3 sinnum á árinu. Alls bárust 11 umsóknir um landbætur í sjóðinn og voru þær allar samþykktar. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins voru á árinu til ráðstöfunar 5.800.000 kr. en óráðstafað frá fyrra ári var 75.000 kr., samtals 5.875.000 kr.. Umsóknir voru talsvert umfram þá upphæð eða rúmlega 11,8 milljónir króna. Stjórnin ákvað að haga úthlutun með eftirfarandi hætti: Enginn styrkur verði hærri en 660.000 krónur. Allar umsóknir sem námu hærri fjárhæð en það skertust við þá upphæð. Fyrir umsóknir sem námu hærri fjárhæð en 200.000 kr (en náðu ekki 660.000 kr.) skerðist styrkur þannig að 50% eru dregin af þeim hluta upphæðarinnar sem er umfram þá tölu. Tekið er fram að þessi úthlutunarregla gildir aðeins fyrir þetta ár, en haga verður úthlutun hverju sinni eftir því fjármagni sem er til ráðstöfunar og þeim umsóknum sem berast.

Úthlutun af fjármunum sjóðsins til landbóta og annars kostnaðar á árinu 2011 varð 5.639.546 kr. og skiptist sem hér segist:

Landbótaframlög	5.212.646
Laun og launatengd gjöld	131.671
Reikningsleg aðstoð	282.842
<u>Auglýsingar</u>	<u>12.387</u>
SAMTALS	5.639.546 kr.

Framkvæmdir 2011

Eftirfarandi 11 verkefni voru samþykkt:

- Vallholt. Sótt um styrk til styrkingar gróðurlendis, hefta sandfok og styrking staðargróðurs. Svæðin voru Gilsáreyri og Vallholtsháls.
- Hrafnkelsstaðir. Sáning, fræ og áburður á Vallholtsháls og Lækjardal. Markmið, styrking fyrirbyggjandi gróðurs og auka beitarþol og til varnar uppblæstri.
- Arnheiðarstaðir. Svæðin eru neðan og ofan þjóðveggar. Aðalega þó upp af bænum. Áburðardreifing til styrkingar gróðurs.

- Melar. Svæðið er fyrir ofan bæ. Áburðardreifing til styrkingar staðargróðurs.
- Sturluflöt. Styrking gróðurs og uppgræðsla á Flatarheiði með áburðargjöf.
- Brekkgugerði. Áburðardreifing til styrkingargróðurs við Baulutanga sem er niður við fljót, Bæjarhjalla sem er beitarhólf ofan við bæinn og þriðja svæðið heitir Fláar og er ofan við girðingar í Brekkugerðisfjalli.
- Víðivellir fremri. Áburðargjöf til styrkingar staðargróðurs. Svæðið er í fjallshlíð ofan bæjar og eyrar við Kelduá. Sömu svæði og unnið var með 2010.
- Droplaugarstaðir. Dreifing úr gömlum heyrúllum í rofabörð og uppblásna mela ásamt áburðargjöf.
- Glúmsstaðir 1. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf ásamt sáningu á belgjurtum og öðrum landgræðslutegundum. Svæðið er úthagi.
- Valþjófsstaður 2. Unnið var á bæjarhjalla, Vatnsleysu, melum á milli fjárhúsa og bæjar ásamt fleiri svæðum. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf ásamt sáningu.
- Bessastaðagerði. Rýrir melar fyrir ofan bæ. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.

Framkvæmdir voru á eftirfarandi 10 jörðum:

- Vallholt og Hrafnkelsstaðir 13 tonn af áburði og 125 kg af grasfræi borin á 89 ha.
- Arnheiðarstaðir 6 tonn af áburði borin á 26 ha.
- Melar. 8 tonn af áburði borin á 20 ha.
- Brekkgugerði. 6 tonn af áburði borin á 16 ha.
- Víðivellir Fremri. 10 tonn af áburði borin á 50 ha.
- Droplaugarstaðir Dreift úr gömlum heyrúllum, sáð 27 kg. af grasfræi og 120 kg. af áburði á 1,7 ha.
- Glúmsstaðir 4 tonn af áburði og 145 kg af grasfræi borin á 4 ha.

-Valþjófsstaður 4 tonn af áburði borin á 17 ha.

-Bessastaðagerði 6 tonn af áburði borin á 40 ha.

Samtals var dreift rúmlega 57 tonnum af áburði og 297 kg af grasfræi á 264 ha. lands, sem er að meðaltali 216 kg/ha. Öll svæðin eru undir 300 m.h.y.s.. Þess ber þó að geta að keypt voru árið 2010, 36 tonn af áburði sem dreifa átti á Flatarheiði það ár en vegna óviðráðanlegra orsaka hefur enn ekki náðist að dreifa honum. Honum verður dreift árið 2012. Á árinu voru samdar úthlutunarreglur fyrir sjóðinn af stjórninni og eru þær ætlaðar að auðvelda og skýra betur þær reglur sem gilda í sjóðnum.

Hér að neðan eru nokkrar myndir af sjáanlega árangrinum sem hefur náðst.



Sturluflöt. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf. Mynd tekin 2011.



Víðivellir Fremri uppgræðsla með heyafgöngum á áreyrum. Mynd tekin 2011.



Hrafnkelsstaðir og Vallholt. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf. Mynd tekin 2011.



Arnheiðarstaðir. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf. Mynd tekin 2011.



Droplaugarstaðir. Uppgræðsla með heyafgöngum á uppblásnum melum. Mynd tekin 2011.

Framkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Fljótshrepps 2011

